

Ed.

680. Breytingartillaga

[30. mál]

við frv. til l. um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Frá Gils Guðmundssyni.

Á eftir 18. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Á árinu 1966 skal setja upp sérstaka deild innan Hafrannsóknastofnunarinnar, er hafi með höndum tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi, svo og rannsóknir á hagkvæmustu gerðum fiskiskipa, miðað við íslenskar aðstæður, og enn fremur upplýsingastarfsemi um þessi efni. Ráðherra skipar deildarforstjóra.

Á árinu 1967 er ráðherra heimilt að gera þessa deild að sérstakri, sjálfstæðri stofnun, Tæknistofnun sjávarútvegsins, er hafi fyrrgreind verkefni, og falli þá liðirnir 5 í 17. gr. og 4 í 18. gr. undan verkefnum Hafrannsóknastofnunarinnar. Ráðherra skipar þá tæknistofnuninni forstjóra og sérfræðinga. Hafi forstjóri hennar sama vald og aðrir forstjórar slíkra stofnana hafa samkvæmt lögum þessum. Ráðherra ákveður með reglugerð um ráðgjafarnefnd tæknistofnunarinnar.